6
31. maí

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla úr gildi 30. sept. 1921, nema því að eins, að hluthafafundir Íslandsbanka verði þá búnir að gera þær ráðstafanir, sem lög þessi áskilja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

7
6. júní

Tilskipun

um

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Svíaríkis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verslun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Svíaríki eins og eigin þegnum, þá viljum Vjer samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hjer segir:

Þeir, sem í Svíaríki reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verslun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóv. 1903 heimila, aðnjótandi, með þeim skilyrðum, er hjer greinir:

7
6. júní

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Svíaríki fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sje varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Svíaríki.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Svíaríki, nema gagnstætt sje velsæmi og alsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkynt í Svíaríki, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í Svíaríki.
6. Nú er synjað um skrásetning samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóv. 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rjett til að fá merkið skrásett með einkarjetti, til að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal þá mál útaf þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rjett þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 6. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.